

# Fornleifakönnun í Skipasundi 31

---

Guðmundur Ólafsson



1980/7 Vinnuskýrslur Þjóðminjasafns

Reykjavík 2013





Fundarstaður merktur inn á kort af Reykjavík frá árinu 1935. Hann virðist hafa verið vestast í túni sem var suðavestan við Klepp og austan í Langholti (hluti af korti 1:50000 Reykjavík 27NA. Landmælingar Íslands).

Forsíðumynd: Gripurinn sem fannst í kartöflugarði að Skipasundi 31 þegar grafið hafði verið lítils háttar frá honum. Hér sést hluti af tréstocknum, járnplatan sem hann gengur ofan í og er hringlaga við endann og skástífa úr henni miðri í stokkinn (GÓL-1980-8032-10).



## Fornleifakönnun í Skipasundi 31

Þann 15. September 1980 hafði Hugrún Hugadóttir, sem búsett var að Skipasundi 31, samband við Þjóðminjasafn Íslands og kvaðst hafa fundið einhvern gamlan hlut í kartöflugarði sínum á bak við húsið.

Guðmundur Ólafsson og Þorkell Grímsson, safnverðir á Þjóðminjasafni, fóru á staðinn til þess að kanna hvað hefði komið þar í ljós.



**Mynd 1. Annar endi tréstokksins þegar búið var að grafa aðeins frá honum. Járnlædd tréplata með rúnnaðan enda gengur hér út frá stokknum. Eins konar vinkiljárn virðist stífa tréplötun a af við stokkinn (GÓL-1980-8032-12).**

Grafa þurfti lítils háttar frá gripnum, til þess að komast fyrir enda hans. sem reyndist vera um 2 m langur tréstokkur sem var um 20 cm í þvermál. Á báðum endum hans voru um 60 – 70 cm langi armar sem voru mismunandi að gerð og útliti. Annar þeirra var úr útflúruðu járn



og gekk endi tréstokksins ofan í hann eins og skó. Út frá hólknum sem stokkurinn gekk ofan í flattist járnplatan út og endaði hringlaga járnplötu. Á henni miðri lá þverspýtu á ská upp á stokkurinn eins og skástífa. Á hinum enda stokksins var fest um 7-8 cm þykk tréplata með bogadregnum enda. Hliðar hennar voru málmklæddar, líklega úr blikki, þunn blikkplata lá skáhallt frá tréplötunni í tréstokkurinn, eins og til að stífa hann af.



**Mynd 2. Allur gripurinn kominn í ljós. Myndin er aðeins hreyfð, en hægt er að átta sig nokkuð vel á útliti stokksins og endastykkjanna (GÓL-1980-8032-11).**

Ekki voru borin kennsl á þennan hlut og hlutverk hans er óþekkt. Ljóst var þó að gripurinn var ekki ýkja forn, varla eldri en frá 19. öld eða fyrri hluta 20. aldar. Einna helst þótti koma til greina að þetta væri hluti af einhverju landbúnaðartæki sem hefði jafnvel verið tengt við traktor. Fundarstaðurinn var þó ekki nálægt neinu gömlu býli heldur austan í Langholti og vestast í stóru túni vestur af Kleppi.